

# Végarður – Útleiga



## Viðmiðunargjaldskrá og reglur

**Bókanir:**

### Lýsing á aðstöðu Végarðs

Anddyri, hol, fatahengi, salerni (2x2 klósett og sturtuaðstaða), vottað eldhús, sena sem nýtist sem svið við stóran sal og til hliðar er setustofa sem nýta má sem hluta af veislusal.

**Stór salur:** Um 7,5 x 10,5 m, með stólum og borðum, skjávarpa í lofti og tjaldi. Hægt að rýma, stilla upp fyrir fundi eða fyrir sitjandi borðhald fyrir ca. 100 manns.

Samliggjandi og með opnanlegum tjöldum er **setustofa** 4 x 10 m, með tveggja sæta leðursófa, tveimur stólum og borði. Hægt að rýma. Þar má koma fyrir um 40 manns við borðhald.



Án borðhalds í þessum rýmum getur húsið rúma vel 150 manns.



**Minni salur (sena):** Um 5 x 7 m. Borð, stólar, tjald, skjávarpi og netting. Einnig hægt að nýta sem svið við stóra salinn.



## Leiga á húsinu til veisluhalds

Hægt er að leigja húsið til veisluhalds, þ.e. hafa aðgang að fullbúnu eldhúsi, stórum veislusal, salernum og fatahengi. Frá veislusalnum er hægt að ganga beint út í náttúruna í gegnum glerhurð. Neyðarhurðir eru auk þess til staðar. Fullbúið stólum og borðum. Aðgangur að skjávarpa, tjaldi og hljóðkerfi.

Þrifa skal hið útleigða svæði fyrir skil þess (sjá reglur um útleigu).  
Íbúar Fljótsdalshrepps ganga fyrir bókunum, komi upp sú staða.

Helgarleiga (fös-sun): 100.000 kr

Sólarhringur: 50.000 kr

Hægt er að kaupa þrif sé þess óskað kr. 20.000

## Leiga á fundar- og námskeiðsaðstöðu

Til staðar eru tvö rými, stór opinn salur og annar minni aflokaður, sjá myndir og lýsingu. Sá minni tekur um 8-16 manns. Þar er skjávarpi, tjald og aðgangur að myndavél og hljóðnema vegna fjarfunda. Sá stærri hefur sama búnað og tekur um 20-100 manns í sæti. Hægt er að

leigja aðstöðuna með og án tækja. Hægt er að leigja í klukkutíma eða lengur allt eftir samkomulagi og miðast leiguverð við tímalengd og fjölmenni.

#### **Fundarborð án tækja:**

Klukkustund: 2.000 kr.

Dagsverð: 12.000 – 24.000 kr. (eftir fjölda)

#### **Fundarborð með tækjum (skjávarpi/fjarfundarbúnaður):**

Klukkustund: 2.500 kr.

Dagsverð: 15.000 – 25.000 kr (eftir fjölda)

### **Skrifstofuaðstaða\***

*Verð til viðmiðunar en umsemjanleg miðað við tímalengd útleigu.*

**Frumkvöðlar** geta leigt aðstöðu í einn eða þrjá mánuði í senn (25% afsláttur veittur af þriðja mánuðinum). Frumkvöðlar ganga fyrir öðrum í leigu á skrifborði.

Innifalið: Skrifborð, stóll, aðgangur að interneti, fundaraðstöðu, fjarfundarbúnaði og kaffistofu

Mánaðargjald: 12.500 kr.

Þrjú mánuðir: 31.875 kr.

**Flakkarar** geta leigt laus skrifborð í einn dag eða fleiri.

Dagsverð: 3.000 kr

Vikuverð: 15.000 kr

**Nemendur** geta leigt aðstöðu ef enginn frumkvöðull er að nýta aðstöðuna.

Innifalið: Skrifborð, stóll, aðgangur að interneti, fundaraðstöðu, fjarfundarbúnaði og kaffistofu

Mánaðargjaldi: 0 kr.

*\* Fyrirvari er gerður gagnvart útleigu á skrifstofurýmum í húsinu. Ef húsið er leigt út til veisluhalds eða ársstarfa gengur það fyrir öðru í húsinu. Fylgjast þarf því með bókunum.*

### **Vottað eldhús**

Aðstaðan er ca 3x6 m, öll helstu heimilistæki eru til staðar sem og góðir vaskar og uppþvottavél.

Ef eldhúsið er bókað til vörupróunar þarf viðkomandi að tryggja að til staðar sé kaffiaðstaða frammi í anddyri, s.s. uppáhellt kaffi, heitt vatn, kalt vatn, mjólk og leirtau. Sé ekki hægt að vaska upp, ber leigutaka að sjá um það. Þannig má takmarka allan umgang um eldhúsið á meðan unnið er þar.



*Almennt er gengið út frá því að afnot Fljótsdalshrepps, íbúa og félagsstarfsemi í Fljótsdal séu gjaldfrjáls, en húsinu skilað hreinu að loknum afnotum. Hægt er að kaupa þrif sé þess óskað.*

## Um gengisreglur

### Almenn ákvæði vegna útleigu Végarðs

- Leigutaki ber fulla ábyrgð á tjóni á húsnæði, tæknibúnaði og innanstokksmunum sem gestir kunna að valda.
- Borðbúnaður er innifalinn í leiguverði húsakostsins og honum ber að skila í sama ástandi, á sama stað og tekið var við honum.
- Krydd, plastfilmur og annar búnaður sem notaður er í eldhúsi er ekki innifalinn í leigunni.
- Með öllu er óheimilt að fara með borðbúnað út úr húsi, s.s. potta, pönnur og skálar.
- Leigutaki annast sjálfur og ber ábyrgð á uppröðun og frágangi. Að viðburði loknum skal þrifa gluggakistur, loka gluggum, raða upp borðum og stólum, henda rusli og slökkva ljós.
- Ganga skal frá eldhús- og borðbúnaði.
- Ganga þarf frá öllu eins og að var komið og setja óhreinar tuskur/moppur á ákveðinn stað í geymslunni.
- Leigutaki annast sjálfur allt er viðkemur dansleikjahaldi s.s. skemmtanaleyfi og dyravörslu. Stefgjöld koma til hækkunar á leigugjaldi og eru rukkuð af seldum miðum skv. gjaldskrá STEFs.
- Ef um endurtekna notkun er að ræða er hægt að semja sérstaklega um verð eftir fjölda skipta á því leigutímabili sem um ræðir.